



HNE

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra

Akureyrardeild · Furuvellir 1 · 600 Akureyri · Sími: 414 7990 · Netf.: hne@hne.is · www.hne.is
Húsavíkurdeild · Hafnarstétt 3 · 640 Húsavík · Símar: 464 2690 & 898 8340 · Netf.: oggi@hne.is

Skipulagsstofnun
Þórdís Stella Erlingsdóttir
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Húsavík, 19.júní 2023

Efni : Vegagerðin áformar lagningu nýs 7,6 km vegar um Brekknaheiði í sveitarfélaginu Langanesbyggð . Til stendur að byggja nýjan Norðausturveg (85) yfir Brekknaheiði, frá vegamótum Langanesvegar (869) og Norðausturvegar, sunnan Þórshafnar, að núverandi slitlagsenda í Vatnadal og Brekknaheiði. Gert er ráð fyrir að framkvæmdir hefjist vorið 2023 og verklok verði í september 2024.

Lýsing á framkvæmd: Meginmarkið framkvæmdarinnar er að bæta umferðaröryggi og samgöngur á milli Þórshafnar og Bakkafjarðar. Það er meðal annars gert með sterkari og breiðari vegi með bundnu slitlagi, bættum sjónlengdum og öruggari hliðarsvæðum. Núverandi vegur stenst ekki kröfur til burðarpóls. Með endurbættum vegi verða kröfur um umferðaröryggi og greiðfærni vegar uppfylltar.

HNE gerir kröfur til verktaka með vélknúin tæki eins og beltagröfur og dráttarvélar að tækin séu í fullkomnu lagi og verði yfirfarin af Vinnueftirliti eða öðrum þar til hæfum aðila, áður en viðkomandi tæki verða tekin í notkun.


HNE telur að framkvæmdin eins og henni er lýst geri að öðru leyti nægjanlega grein fyrir efnisþáttum sem máli skipta og sé ekki líkleg til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Hvað varðar starfsleyfi sem HNE veitir vísast til reglugerðar nr. 550/2018 um starfsleyfi sem getur haft í för með sér mengun, sbr. Vinnsla jarðefna þ.m.t. vinnsla malar, vikur og grjótnám, verktakar með þungavinnuvélar, (s.s. aðstaða til olíuskipta).Reglugerð 93/1995 ef upp verða settar vinnubúðir og mötuneyti.

HNE telur að vel sé gert grein fyrir mótvægisáðgerðum og gerir ekki frekari athugasemdir við framkvæmdina á þessu stigi.

Beðist er velvirðingar á hve seint þessi umsögn berst.

Virðingarfyllst:

**HEILBRIGÐISEFTIRLIT
NORÐURLANDS EYSTRÁ**

Jóhannes Haukur Hauksson
heilbrigðisfulltrúi

Umsögn Langanesbyggðar

Til : Þórdís Stella Erlingsdóttir <thordis.stella.erlingsdottir@skipulag.is>
Frá : Björn Sigurður Lárusson <bjorn.sigurdur.larusson@langanesbyggd.is>
Heiti : Umsögn Langanesbyggðar
Málsnúmer : 202304065
Málsaðili : Mannvit hf
Skráð dags : 15.06.2023 00:00:00
Höfundur : Björn Sigurður Lárusson <bjorn.sigurdur.larusson@langanesbyggd.is>
Viðhengi [image003.jpg](#)
[image002.png](#)

Sæl Stella

Nægir þessi bókun sem gerð var á 15. Fundi nefndarinnar þann 6 júní s.l.?? Láttu mig vita sem fyrst því að öðrum kosti þurfum við að boða til aukafundar. Vegna sumarleyfa hefur tafist að svara ykkur.

Fundur skipulags og umhverfisnefndar á 15. fundi nefndarinnar 6. Júní 2023

9. Norðausturvegur um Brekknaheiði – mat á umhverfisáhrifum. Fyrirspurnarskýrsla uppfærð án viðauka

Lagt fram til umsagnar.

Bókun um afgreiðslu: Nefndin gerir ekki athugasemdir og telur að nægjanlega hafi verið gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, umhverfisáhrifum, mótvægisáðgerðum og vöktun eftir því sem við á. Nefndin telur að ekki þurfi að skýra framkvæmdina frekar.

Samþykkt samhljóða.

Með bestu kveðju

Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 14. júní 2023
Málsnúmer: 202305-0049
SS

Efni: Umsögn um matsskyldu framkvæmdar við Norðausturveg um Brekknaheiði.

Vísað er í tölvubréf frá Skipulagsstofnun, dags. 16. Maí 2023, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um hvort framkvæmd Vegagerðarinnar á endurbótum á Norðausturvegi (85) um Brekknaheiði í Langanesbyggð, eigi að fara í mat á umhverfisáhrifum.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér gögn um tilkynnta framkvæmd. Stofnunin gerir eftirfarandi athugasemdir.

Framkvæmdin felur í sér tilfærslur á hluta veglínunnar og uppbyggingu alls vegarins. Þá er gert ráð fyrir nýjum efnistökusvæðum við veginn. Svæðið sem um ræðir er gróskumikið og votlendi algengt.

Farið hefur fram nýleg úttekt á gróðri og vistgerðum og í ljósi niðurstaðna þeirrar úttektar hefur veglínun verið hnikað til lítilega til að minnka rask á votlendi. Þrátt fyrir það verður umtalsvert rask á votlendi sem fellur undir ákvæði 61. greinar laga um náttúruvernd nr. 60/2013 um sérstaka verndun og þar sem eru votlendisvistgerðir með hátt verndargildi. Staðsetning námusvæða ætti ekki að raska vistgerðu með hátt verndargildi nema að mjög litlu leyti. Jákvætt er að Vegagerðin stefni að því að endurheimta votlendi í stað þess sem raskast og að græða upp með endurheimt staðargróðurs þar sem tækifæri gefst.

Úttekt á fuglalífi hefur einnig farið fram. Þótt framkvæmdin sé ekki á skilgreindu mikilvægu fuglasvæði reyndist þéttleiki mófugla töluverður á svæðinu og því mun framkvæmdin valda einhverju búsvæðatapi. Við skipulag endurheimtar votlendis ætti að horfa til þess að í því felist ágóði fyrir fuglategundir sömuleiðis. Endurheimt búsvæða mófugla með t.d. landgræðslu ætti einnig að skoða sem mótvægisáðgerð.

Náttúrufræðistofnun telur að nauðsynlegar athuganir á náttúrufari svæðisins hafi farið fram og umhverfisáhrif framkvæmdarinnar fyrir þá umhverfisþætti sem eru veigamestir því ágætlega skýr. Ljóst er að rask á viðkvæmum votlendissvæðum og þar meðbúsvæðum fugla verður töluvert og nauðsynlegt að því sé haldið í lágmarki með útfærslum í hönnun og umgengni á framkvæmdatíma. Mótvægisáðgerðir munu einnig vera veigamiklar til að vega upp raskið. Náttúrufræðistofnun telur að nægilega sé gert grein fyrir umhverfisáhrifunum og að fullt mat á umhverfisáhrifum muni ekki bæta miklu við.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson

Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs





Skipulagsstofnun
Þórdís Stella Erlingsdóttir
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík, 6. júní 2023
UST202305-201/B.S.
10.05.03

Efni: Umsögn - Norðausturvegur um Breknaheiði, Langanesvegur, Vatnadalur í Langanesbyggð

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 16. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Um er að ræða endurbyggingu Norðausturvegará 7,6 km kafla ýmist á vegsvæði núverandi vegar eða á nýju vegsvæði nærri núverandi vegi. Að áliti Umhverfisstofnunar er þó hér um sama vegstæði að ræða. Helstu áhrif framkvæmdarinnar verður að líkindum á votlendi bæði vegna efnistöku og veglagningar. Skoða á hvort unnt sé að hnika vegi til norðurs við Botna til að krækja fyrir votlendi. Annars ætti að reyna að fylgja núverandi vegi um votlendi þar sem slíkt er mögulegt. Þar sem efnistaka verður í jökulruðninghóltum ætti að reyna að fjarlægja hryggi algerlega þannig að við frágang verði unnt að tengja námusvæðin við votlendi þar sem það er aðliggjandi. Leggja ætti áherslu á að leggja námuvegi um þurrlendi þótt velja verði lengri leiðir og þessa vegi ætti að fjarlægja að notkun lokinni.

Umhverfisstofnun telur að hér sé verið að ráðast í gerð mannvirkis sem að öllum líkindum mun nýtast lítið breytt til mjög langs tíma og því á að leggja þarna sérstaka áherslu á að ganga „endanlega“ frá námum og öðru raski. Sem mótvægisáðgerð ætti að skoða möguleika á því að moka í skurði og afmá núverandi veg sem mætti moka í skurði ef þeir eru nærri vegi.

Hér er um fremur stuttan kafla að ræða og verður helsta áskorun þarna frágangur náma og ásýnd svæðisins. Umhverfisstofnun telur ekki að þessi framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér en leggja þarf ríka áherslu á vandaðan frágang og góða umgengni um svæðið.

Virðingarfyllt

Björn Stefánsson,
sérfræðingur

Axel Benediktsson,
sérfræðingur



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Minjavörður Norðurlands
eystra

Borgum v/Norðurslóð
600 Akureyri

(354) 570 13 15
(354) 832 17 00

www.minjastofnun.is
Kennitala: 440113-0280

Sædis Gunnarsdóttir
Minjavörður Norðurlands
eystra
saedis@minjastofnun.is

Þórdís Stella Erlingsdóttir
Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Akureyri, 31. maí 2023
MÍ202305-0133/ 6.07 / S.G.

Norðausturveg (85) um Brekknaheiði, Langanesvegur – Vatnadalur í Langanesbyggð

Minjastofnun Íslands hefur mótttekið tölvupóst Skipulagsstofnunar frá 16. maí. s.l. þar sem óskað er eftir umsögn um hvort ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Vegagerðin áformar lagningu nýs 7,6 km vegar um Brekknaheiði í sveitarfélaginu Langanesbyggð. Til stendur að byggja nýjan Norðausturveg (85) yfir Brekknaheiði, frá vegamótum Langanesvegar (869) og Norðausturvegar, sunnan Þórshafnar, að núverandi slitlagsenda í Vatnadal og Brekknaheiði. Meginmarkið framkvæmdarinnar er að bæta umferðaröryggi og samgöngur á milli Þórshafnar og Bakkafjarðar. Það er meðal annars gert með sterkari og breiðari vegi með bundnu slitlagi, bættum sjónlengdum og öruggari hliðarsvæðum. Núverandi vegur stenst ekki kröfur til burðarþols. Með endurbættum vegi verða kröfur um umferðaröryggi og greiðfærni vegar betur uppfylltar.

Fjallað er um fornleifar í kafla 5.6 Fornleifar. Fornleifastofnun Íslands gerði úttekt á fornleifum á Brekknaheiði haustið 2019 vegna fyrirhugaðra breytinga á vegstæði Norðausturvegar, sjá Gylfi Helgason o.fl. 2019. *Fornleifaskráning vegna breytinga á norðausturvegi yfir Brekknaheiði í Langanesbyggð* Fornleifastofnun Íslands ses FS770-19321. Úttektarsvæðið var skilgreint sem 100 m breitt svæði til beggja átta út frá miðlínu nýs vegar, samtals 200 m breitt belti. Á vettvangi var gengið kerfisbundið um allt úttektarsvæðið í leit að minjum og þær skráðar og kortlagðar. Einnig voru skráðar fornleifar á námusvæðum haustið 2022, sjá Sólveig Guðmundsdóttir Beck 2023 *Norðausturvegur yfir Brekknaheiði á Langanesi Fornleifaúttekt innan efnistökusvæða* Fornleifastofnun Íslands ses FS905-22441

Samtals voru skráðar 39 fornminjar innan áhrifasvæðisins vegarins (Veglína D) og fjórar á efnistökusvæðum. Skráðar voru nokkrar minjar sem hafa ekki náð 100 ára aldri og eru ekki friðaðar í lögum um menningarminjar sem mikilvægt þótti að skrá.

Í skýrslunni eru listar, sjá töflur 5.3. og 5.4 yfir þær minjar sem eru 30 metra eða nær veglínunni, eða skráðar á þeim námusvæðum sem fyrirhugað er að nýta.

Alls eru 10 fornleifar innan við 30 m frá miðlínu nýs vegar (sjá töflu 5.3) og munu að öllum líkindum raskast við framkvæmdir. Við hönnun vegarins hefur verið tekið tillit til fornminja eins og mögulegt er en þar sem ekki verður komist hjá því að raska minjum við framkvæmdina verður Minjastofnun Íslands fengin til að skera úr um hvort þær megi víkja og með hvaða skilyrðum. Minjar í grennd við framkvæmdasvæðið verða merktar áður en framkvæmdir hefjast

Allar fjórar minjar á námusvæðum eru skráðar í stórhættu vegna námuvinnslu. Í kjölfar úttektar Fornleifastofnunar Íslands, hefur Vegagerðin breytt námusvæðum þannig að unnt sé að virða 15 m helgunarsvæði minjanna. Minjarnar verða að auki merktar á áberandi hátt áður en framkvæmdir hefjast.

Minjastofnun minnir á að hafa þarf samband við stofnunina með góðum fyrirvara ef til stendur að raska minjum, svo tími verði til að vinna þær mótvægisáðgerðir sem stofnunin fer frammá.

Minjastofnun Íslands telur að ofangreind framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Bent skal á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar (Nr. 80/2012) sem hljóðar svo:

Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.

Virðingarfyllst,

Sædís Gunnarsdóttir

Sædís Gunnarsdóttir
Minjavörður Norðurlands eystra

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnsýslustigi og ekki kærnanlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.

202304065 - Norðausturvegur um Brekknaheiði

Til : Skipulagsstofnun - SLS; Þórdís Stella Erlingsdóttir
Frá : Bragi Már Bragason <bragib@mila.is>
Heiti : 202304065 - Norðausturvegur um Brekknaheiði
Málsnúmer : 202304065
Málsaðili : Mannvit hf
Skráð dags : 17.05.2023 00:00:00
Höfundur : Bragi Már Bragason <bragib@mila.is>
Viðhengi [image001.png](#)

Sæl(1)

Á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði er Míla með mjög mikilvæga stofnstrengi. Að auki eru nokkrar heimtaugar við núverandi gatnamót Norðausturvegar og Langanesvegur sem fyrirhuguð færsla gæti haft áhrif á. (Jafnframt er okkur kunnugt um að Fjarskiptafélag Svalbarðshrepps er með ljósleiðaralagnir á svæðinu.)

Míla væntir þess að samráð verði haft við okkur áður en til framkvæmda kemur.

Bestu kveðjur | Best regards,

Bragi Már Bragason
Verkfræðingur - Grunnkerfi

T: (+354) 585 6222
M: (+354) 858 6222

Stórhöfða 22-30, 110 Reykjavík, Iceland

[mila.is](#)

mila

[Ábyrgð þín varðandi tölvupóst / Disclaimer](#)